

Gæludýratrygging

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Skilmáli E-25

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskipta-
vini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini
tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínun síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru
hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Gæludýratrygging?

Gæludýratrygging Varðar tryggir bæði hunda og ketti. Bætur greiðast ef gæludýr váttryggðs deyr, verður fyrir alvarlegu heilsutjóni, er stolið eða hverfur. Tryggingin bætir einnig sjúkrakostnað dýrs vegna nauðsynlegrar þjónustu hjá dýralæknum. Þá er ábyrgðartrygging innifalin í Gæludýratryggingunni. Líftrygging er einungis fyrir hreinræktuð dýr með ættbók.



Tryggingin bætir

Líftrygging gæludýra

- ✓ Dauða gæludýrs vegna slyss eða sjúkdóms, eða ef nauðsynlegt reynist að aflífa það.
- ✓ Stuld eða tap á gæludýri sem finnst ekki innan 60 daga frá tilkynningu um hvarf.
- ✓ Varanlegan heilsubrest gæludýrs.

Sjúkrakostnaður gæludýra

- ✓ Réttmætan, sanngjarnan og ófyrirséðan dýralækniskostnað sem er bein afleiðing af slysum eða sjúkdómum gæludýrs.

Ábyrgðartrygging gæludýra

- ✓ Skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem eiganda váttryggðs gæludýrs vegna líkamstjóns eða skemmda á munum.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



Tryggingin bætir ekki

Líftrygging gæludýra

- ✗ Aflifun sem rekja má til árásargirni
- ✗ Atvik sem koma upp eða greind áður en váttrygging tók gildi eða sjúkdóma sem upp koma innan 30 daga frá gildistöku tryggingar.
- ✗ Afbrigðilegan vöxt mjaðmaliða eða mjaðmalos.
- ✗ Galla í tönnum eða biti, tannhirðu eða tannholdssjúkdóma.
- ✗ Smáveirusýkingar hjá hundum.
- ✗ Hundafár.
- ✗ Króníska smitsjúkdóma í köttum sem ekki sýna einkenni.
- ✗ Kattafár.
- ✗ Arfgenga eða meðfædda sjúkdóma eða kvilla.
- ✗ Aldurstengda sjúkdóma eða hrörnunarsjúkdóma.
- ✗ Aflifun af öðrum orsökum en þeim sem eru bótaskyldir.

Sjúkrakostnaður gæludýra

- ✗ Atvik sem komið hafa upp áður en váttrygging tók gildi.
- ✗ Geðlagsvandamála eða arfgenga og/eða meðfædda kvilla.
- ✗ Rannsóknir eða meðferð í forvarnarskyni, eða afbrigðilegan vöxt og afleidda sjúkdóma.
- ✗ Geldingu, ófrjósemisaðgerð eða fæðingu afkvæma að undanskildum kostnaði við keisaraskurð sem talinn er læknisfræðilega nauðsynlegur.
- ✗ Tannhirðu, tannviðgerðir eða tannholdssjúkdóma.
- ✗ Fóður, bætiefni eða hreinlætisvörur.
- ✗ Böð eða meðferð til að fyrirbyggja eða lækna afleiðingar óværu eða orma.
- ✗ Fegrunaraðgerðir.
- ✗ Smitandi lífrabólgu hjá hundum (HCC).
- ✗ Smáveirusýkingar hjá hundum.
- ✗ Hundafár.
- ✗ Króníska smitsjúkdóma í köttum sem ekki sýna einkenni.
- ✗ Kattafár.

- ✗ Hjálpartæki eða heilsuvörur.
- ✗ Vottorð eða lyfseðla nema félagið óski þeirra.
- ✗ Aukaálag á læknskostnaði vegna vitjunar utan vinnutíma nema brýna nauðsyn hafi borið til.
- ✗ Flutninga í tengslum við læknisvitjun eða innlögn.
- ✗ Naflakviðslit, launeista eða hnykk í skotti.
- ✗ Ský á augasteini.
- ✗ Segulómskoðun eða sneiðmyndatöku.

Ábyrgðartrygging gæludýra

- ✗ Tjón sem fjölskylda eða skyldmenn á heimili váttryggingartaka verður fyrir.
- ✗ Tjón á munum sem framangreindir aðilar hafa að láni, til leigu, til geymslu eða í vörslu sinni.
- ✗ Tjón sem rekja má til þess að ekki er fylgt lögum og reglum um lausagöngu dýra eða merkinga þeirra.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðareglur?

- ! Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Váttryggður skal sjá til þess að umhirða gæludýrs, vistverur og fóðrun þess sé í samræmi við ákvæði dýraverndunarlaga.
- ! Váttryggðum er skylt, að bólusetja gæludýr fyrir sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja auk árlegu bólusetninganna.
- ! Ormahreinsa skal dýrin eftir ráðleggingum dýralækna, að lágmarki 1-2 sinnum á ári.
- ! Ef feldur dýra krefst sérstakrar meðferðar, loftslags, rakastigs eða hefur aðrar sérstakar þarfir ber váttryggingartaki ábyrgð á að þess sé gætt.



Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi.



Hverjar eru helstu skyldur þess tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Sé tiltekin ákveðin notkun á hinu váttryggða og notkun breytist ber að tilkynna félaginu það strax.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínun síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkortí.



Hvenær hefst vátryggingarverndin og hvernig lýkur henni?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.